

Nr. 30/1887.

Eyjúlfulur Jónsson  
gegn  
Einari Einarssyni.

## D ó m u r :

Mál þetta höfðaði áfrýjandinn, Eyjúlfulur Jónsson, gegn hinum stefnda, Einari Einarssyni, fyrir aukarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu til skaðabóta út af vanskilum á fóðurlambi, og eptir að málsaðilar nokkrum sinnum höfðu mætt fyrir aukarjettinum í sökinni, átti hún að takast fyrir hinn 20. nóvemberm. síðastliðins. Stefnandinn, er hafði fengið frest í málinu til nefnds dags og hafði skjöl þess að láni, mætti þá ekki og enginn af hans hendi. Hinn stefndi var á hina hliðina mættur og heimtaði að málið væri hafið, og honum til dæmdar 30 krónur í kost og tæring. Dómarinn tók þá málið undir dóm, og kvað síðan hinn 20. janúar næst á eptir upp í því svo látandi dóm, að sökin skyldi hafin vera, og að stefnandinn ætti að greiða hinum stefnda 12 kr. í kost og tæring. Þessum dómi hefur sækjandinn Eyjúlfulur Jónsson áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dags. 20. maímán. þ. á., og krafizt þess að hann verði dæmdur ómerkur og málinu vísað heim í hjerað til dóms-áleggingar í aðal-efninu, og að honum verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir yfirdómi. Hinn stefndi hefur á hinn bóginn krafizt þess, að dómurinn verði staðfestur, að áfrýjandinn verði sektaður fyrir óparfa þætu, og að hann verði dæmdur til að greiða í málskostnað eigi minna en 40 krónur.

Þegar sækjandi máls þessa eigi mætti nje ljet mæta í aukarjettinum hinn 20. nóvember f. á., þá átti hjer- aðsdómarinn að hefja málið, með því að hinn stefndi

mætti og krafðist þess, og eigi gat stefnandanum borið rjettur til þess, að fá málið aptur fyrir tekið (reassumerað), þótt hann innan hálfsmánaðar beiddist þess af dómaranum, sbr. tilskipun 15. ágúst 1832 7., 8., 9. og 14. gr., enda gat rjettur sá, er hinn stefndi hafði öðlazzt sakir útivistar stefnandans, til þess að málið yrði hafið, eigi glatazt fyrir þá sök, að úrskurður rjettarins eigi var upp kveðinn þegar í stað. Hinn áfrýjaði dómur er því lögum samkvæmur og ber að staðfesta hann, einnig ákvæðin um kost og tæring til stefnda. Eptir atvikum á áfrýjandinn að greiða stefnda 12 krónur í málskostnað fyrir yfirdómi.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður. Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandinn, Eyjúlfrur Jónsson, hinum stefnda, Einari Einarssyni, 12 krónur. Ídæmdan málskostnað ber að greiða innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Mánudaginn 8. ágústmán.

Nr. 37/1887.

Hið opinbera  
gegn  
Sigurði Ólafssyni.

D ó m u r :

Mál þetta hefur í hjerði verið höfðað að boði amtmannsins yfir Norður- og Austuramtinu gegn hinum kærða, Sigurði hreppstjóra Ólafssyni í Vatskotu, fyrir